



BARNAPING 2021

NIÐURSTÖÐUR



SKÓLAMÁL

Á barnaþinginu var rætt um atriði sem tengjast skólum og menntun. Barnaþingmenn í grunnskólanum vildu fá betri mat í mötuneyti og val um stærri skammta og fleiri rétti. Margir voru á þeirri skoðun að starfsmenn í mötuneyti ættu að nota hárnét og gæta meira hreinlætis.

Mörgum fannst skólinn byrja of snemma, sérstaklega fyrir þá sem búa í sveitunum og koma langt að.

Margir töluðu um að það væri ekki nógu mikill vinnufriður í tímum. Barnaþingmenn höfðu sterkar skoðanir á heimanáminu og fannst það of mikið. Þeim fannst einnig að val og smiðjur mættu vera meiri enda voru smiðjur uppáhalds greinin hjá mörgum. Einnig vildu þau fá kennslu í meiru sem nýtast börnum þegar þau verða fullorðin t.d. meiri verkleg kennsla og kennsla í fjármálum og svo töluðu nokkrir um að það mætti auka fræðslu um jafnrétti kynjanna o.fl.

„Vantar fræðslu um hinsegin mállefni“

„Vantar kynfræðslu frá fólki sem veit hvað það er að tala um og rými til að spyrja spurninga“

Sumir sögðu að nemendum væri mismunað eftir því hvort þau væru „uppáhalds“ eða ættu frænku eða frænda í skólunum.

Barnaþingmenn vildu fá betri leikvelli og fleiri leiktæki á skólalóðina og þeim fannst styttri frímínúturnar of stuttar. Nokkrir töluðu um að það mætti þvo glösin í skólastofunum oftar.

„Vond lykt af glösunum“

Barnaþingmenn í FAS töluðu flest allir um hvað maturinn er góður en þeim fannst hann heldur dýr.

FÉLAGSLÍF & MENNING

Barnaþingmenn voru sammála um að félagslífið væri mikilvægt en sumir töldu að heimanámið væri að taka of mikinn tíma frá vinum og fjölskyldu eftir skóla.

Það sem barnaþingmenn lögðu hvað mesta áherslu á varðandi íþróttir var að það mætti auka við fjölbreytnina og fá aðrar íþróttir til að æfa og það væri kominn tími til að fá nýtt íþróttahús. Þær íþróttir sem voru oftast nefndar að vanta voru:

<i>Ballet</i>	<i>Dans</i>
<i>Skautar</i>	<i>Rugby</i>
<i>Handbolti</i>	<i>Karate</i>
<i>Skíði/bretti</i>	<i>Íshokkí</i>
<i>Hestamennska</i>	<i>Badminton</i>

Einnig nefndu margir að það þyrfti að draga úr kostnaði við íþróttirnar svo allir gætu stundað þær eða stundað fleiri en eina íþrótt. Sumir nefndu að það vantaði yfirþjálfara í fimleikum og að það þyrfti að breyta verklaginu á æfingum.

„Breyta til dæmis ef maður er ekki stilltur, það þarf að breyta því en veit ekki alveg hvernig“

Margir nefndu að það vanta bíó á svæðið og að það mætti vera meiri skipulögð starfsemi í Þrykkjunni.

„Oft bara opið en enginn starfsmaður og enginn viðburður“

Nokkrir höfðu áhuga á að æfa á hljóðfæri en máttu það ekki vegna þess að þau höfðu ekki aldur til að æfa.

FORVARNIR

Barnapingmenn vildu fá meiri aðgang að sálfræðipjónustu hér á Hornafirði og einhverjir nefndu að það væri erfitt að opna sig við einhverja sem maður hittir á hverjum degi.

„Finnst erfitt að opna mig við t.d. námsráðgjafa sem þú hittir á hverjum degi“

„Sumir þora ekki að opna sig við foreldra“

Þeim fannst að sálfræðipjónusta utan skóla ætti að vera ókeypis

„Það ætti að vera frítt því andleg heilsa skiptir máli og allir ættu að hafa aðgang að henni“

Margir nefndu að það væri verið að stríða og meiða og að sumir væru útundan.

„Sumir eru leiðinlegir við aðra í frímínútum“

„Það er mikið verið að lemja og slá, brjóta reglur“

Þau sögðu að sumum liði ekki vel og nefndu nokkrar ástæður:

„Fjölskylduvandamál“

„Fer eftir kynhneigð“

„Mikið hatur út í samkynhneigð núna“

Þau komu með ýmsar hugmyndir hvernig væri hægt að hjálpa þeim sem líður illa og nefndu að bjóða þeim að vera með og segja þeim sem stríða að hætta því og tala við fullorðna og láta vita þegar er verið að skilja útundan.

Einnig vissu þau um nokkra sem eru að meiða og stríða

„Sumir sofa ekki nóg og eru með kvíða“

UMHVERFI & SKIPULAG

Það sem flestir ræddu í sambandi við umhverfið var að það mætti minnka rusl, koma upp fleiri ruslafötum og nota tækifærið þegar væri gott veður að fara út og tína rusl á skólatíma.

Flestir höfðu skoðanir á leikvöllum en nánast allir vildu fleiri eða flottari leikvelli. Mörgum fannst leiðinlegt að það hafi verið fækkað leikvöllum og ekkert hafi komið í staðinn.

Síðan nefndu margir að klósettin við Báruna væru oftast biluð, lokuð eða sóðaleg.

Barnaþingmenn vilja betri lýsingu við gangstéttir og nefndu í því samhengi oftast Hafnarbrautina við Olís-Kaffihornið og við málaða vegginn við Olís. Og að lokum fannst mörgum að það mætti gróðusetja meiri blóm og tré og gera hjólabrautir og göngustíga betri.

„Hætta að eyðileggja leikvelli“

„Hætta að henda rusli á leikvelli og fótboltavellina“

ALMENNAR UMRÆÐUR

Tekin var almenn umræða um hvað barnaþingmenn vilja hafa áhrif á, hvort það væri hlustað á þau og með hvaða hætti þau myndu vilja koma skoðunum sínum á framfæri.

Flestir nefndu að þau myndu vilja sjá breytingu í íþróttunum, félagslífinu, umferðaörygginu og skólamatnum. Flestir voru sammála um að það væri lítið hlustað á þau eða að þau voru sjaldan spurð álits.

Þau bentu á að sveitarfélagið ætti að standa að samráði við börn og ungt fólk með því að nota samfélagsmiðla og hugmyndakassa í skólanum og á fleiri stöðum til að geta komið með nafnlausar ábendingar. Einnig var talað um að hafa oftari Barnaþing eins og þetta.

Sveitarfélagið Hornafjörður - Innleiðing Barnvænna sveitarfélaga

Barnvænt sveitarfélag skuldbindur sig til að innleiða Barnasáttmála
Sameinuðu þjóðanna og vinna markvisst eftir hugmyndafræði
verkefnisins.